



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2146
komudagur 23.5.2006

Reykjavík 19. maí 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um flugleiðsögubjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, 708. mál.


Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um flugleiðsögubjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, 708. mál.

Markmið frumvarpsins er að stofna sérstakt hlutafélag í eigu ríkisins um flugleiðsögubjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar – en að stjórnarsýslustarfsemi, þ.m.t. eftirlitsstarfsemi Flugmálastjórnar, verði sinnt af sérstakri stofnun, Flugmálastjórn Íslands.

Alþýðusamband Íslands sér ekkert því til fyrirstöðu að stofnað verði félag eins og það sem lagt er til í frumvarpi þessu.

Verði að stofnun þess leggur ASÍ samt áherslu á að í hvívetna og með sýnilegum og virkum hætti verði fylgt lögum um aðilaskipti að fyrirtækjum og réttarstaða allra starfsmanna verði tryggð.

Verði að stofnun hlutafélagsins leggur ASÍ einnig áherslu á að því verði sett skilyrði sem tryggja eðlileg gæði flugleiðsögubjónustu og flugvallareksturs og heilbriggt samkeppnisumhverfi á þessu sviði hér á landi.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson
Hagdeild ASÍ